

Úr sjöunda í áttunda

Samstarf grunnskóla og skóladeildar vegna nemenda úr 7. bekk í 8. bekk

Helstu markmið samstarfs og tengsla milli skólastiga eru að skapa samfellu í námi barna, koma til móts við þarfir þeirra og stuðla að markvissari uppbyggingu náms. Einnig er markmiðið að treysta gagnkvæma þekkingu og skilning á starfi kennara, námi nemenda og stuðla að vellíðan og öryggi barna þegar þau flytjast milli skólastiga. 15. kafli aðalnámskrár grunnskóla, almennur hluti, um tengsl skólastiga.

Með hliðsjón af framangreindu munu grunnskólar í Garðabæ fylgja ákveðnu verkferli þegar hópar nemenda skipta um skóla, t.d. á milli 7. og 8. bekkjar grunnskóla. Þetta verkferli skal birt í starfsáætlun hvers skóla og skal metið reglulega.

Í Garðabæ geta foreldrar valið í hvaða grunnskóla þeir innrita barn sitt. Á sama hátt geta foreldrar ákveðið að skipta um grunnskóla. Foreldrar sjöundubekkinga í Flataskóla, Hofstaðaskóla og Barnaskólanum Garðabæ/ Vífilsskóla verða að ákveða í hvaða skóla þeir innrita barnið þegar það byrjar í 8. bekk því að í þessum skólum eru nemendur einungis upp í 7. bekk. Eftirtaldir þrír skólar bjóða upp á nám á efsta stigi grunnskóla: Garðaskóli (8.-10. bekkur), Álftanesskóli (1.-10. bekkur) og Sjálandsskóli (1.-10. bekkur).

Samstarf er á milli skólanna um kynningu á þeim valmöguleikum sem fyrir hendi eru og því er stýrt af skóladeild. Flataskóli, Hofstaðaskóli og Barnaskólinn Garðabæ/ Vífilsskóli hafa samstarf við Garðaskóla og Sjálandsskóla varðandi kynningu fyrir nemendur á skólatíma og hver skóli fyrir sig sér um kynningu til foreldra nemenda í 7. bekk. Skóladeild samræmir tímasetningar og auglýsir. Í hverjum skóla er skipaður tengiliður sem heldur utan um ferlið og samskipti við hina skólana.

Ferill kynninga og miðlunar upplýsinga vegna flutnings og innritunar nemenda úr 7. í 8. bekk er með eftirfarandi hætti:

A. Kynningar á skólum

Auglýsingar

Skóladeild, í samráði við skólastjórnendur, ákveður og auglýsir innritun í grunnskóla að vori. Dagsetningar skuli ákveðnar eigi síðar en í janúar. Innritun skal lokið fyrir 1. apríl. Deildarstjóri skóladeildar tekur saman upplýsingar í samráði við grunnskólana varðandi auglýsingar og kynningar skólanna á eigin starfi og birtir í prentmiðlum og á vef Garðabæjar. Skóladeild sendir foreldrum barna í viðkomandi árgangi bréf um innritun í 8. bekk. Garðaskóli og Sjálandsskóli auglýsa kynningarfundum með aðstoð hinna skólanna sem senda kynningarbréf til foreldra nemenda sinna í gegnum fjölskylduvefningu *mentor*.

Heimsóknir 7. bekkinga

Garðaskóli og Sjálandsskóli bjóða nemendum í 7. bekk Flataskóla, Hofstaðaskóla og Barnaskólans Garðabæ/Vífilsskóla í heimsóknir á skólatíma. Markmið þessara heimsókna er að nemendur komi inn í skólana á skólatíma, fái stutta kynningu frá stjórnendum og nemendum, geti spurt spurninga og upplifi skólabraginn. Nemendur/Nemendaráðgjafar Garðaskóla og Sjálandsskóla bjóðast til þess að koma í heimsóknir til nemenda í 7. bekk í Flataskóla, Hofstaðaskóla og Barnaskólans Garðabæ/Vífilsskóla og spjalla við þá.

Kynningarfundir í skólum

Haldnir eru kynningarfundir fyrir nemendur og foreldra í Garðaskóla, Sjálandsskóla og Álftanesskóla í upphafi innritunartímabils í febrúar eða mars. Auk þess er tekið á móti einstaka nemendum og foreldrum þeirra í heimsóknir þar fyrir utan ef áhugi er fyrir hendi. Á fundunum er farið yfir helstu atriði í skólastarfinu og skólahúsnaðið skoðað.

B. Miðlun upplýsinga vegna nemenda

Nemendaupplýsingar

Þegar innritun hefur farið fram og ljóst í hvaða skóla hver fer þá funda deildarstjórar og sérkennarar viðkomandi skóla og í sumum tilvikum umsjónarkennarar. Á þeim fundum er farið yfir nemendahópin og nauðsynlegum upplýsingum um nemendur miðlað sbr. 5.gr.rg.897/2009. Gögn er varða einstaka nemendur (greiningar, einkunnir samræmdra prófa o.fl.) eru send í þann skóla sem nemandinn hefur verið skráður í fyrir 15. júní.

Námsefni og kennsluhættir

Skiptast þarf á upplýsingum um námsefni og kennsluhætti til að tryggja eðlilega samfellu hjá nemendum við skólaskiptin. Hver skóli vinnur síðan skv. eigin móttökuáætlun að því að auðvelda nemendum skólaskiptin. Kennsluáætlunum er safnað saman og miðlað á milli skólanna. Fulltrúar frá hverjum skóla funda á fagfundi að vori og miðla upplýsingum um nám og kennslu í 7. og 8. bekk

Tengiliðir í þessu ferli eru:

Álftanesskóli, deildarstjóri efra stigs

Barnaskólinn Garðabæ/ Vífilsskóli, skólastjóri

Flataskóli, deildarstjóri

Garðaskóli, deildarstjóri 8. bekkja og deildarstjóri námsvers

Hofsstaðaskóli, deildarstjóri miðstigs og deildarstjóri sérkennslu

Sjálandsskóli, aðstoðarskólastjóri